

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendum í 10. bekk er kennt í tveimur umsjónarhópum með 41 nemendum, 21 drengur og 20 stúlkur. Umsjónarkennarar eru Anna Birna Gunnlaugsdóttir með 10. AB og Guðjón Sigbjörnsson með 10. GS. Nemendum er kennt í teymum miðað við getu í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Kennarar í íslensku eru Anna Hulda Einarsdóttir með A-teymi, Drífa Gunnarsdóttir með B-teymi og Jóhanna Helgadóttir með C-teymi. Í stærðfræði er Guðjón Sigbjörnsson með A-teymi, Berglind Kristjánsdóttir með B-teymi og Jóhanna Kristín Snævarsdóttir með C-teymi. Í ensku kennir Hulda Hauksdóttir A-teymi, Einar Árni Jóhannsson B-teymi og Anna Birna Gunnlaugsdóttir C-teymi. Í dönsku kennir Anna Birna Gunnlaugsdóttir A-teymi, Jóhanna Helgadóttir B-teymi og Kristín Hjartardóttir C-teymi. Umsjónarkennarar kenna lífsleikni. Faggreinakennarar eru Yngvi Þór Geirsson með samfélagsfræði og Helena Rafnsdóttir og Páll Valur Björnsson með náttúrufræði. Íþróttakennarar eru Rafn Markús Vilbergsson, Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir og Þórir Rafn Hauksson. Auk þessara tíma eru nemendur í valgreinum.

Skipting kennslustunda

Íslenska - 7 stundir
Stærðfræði - 6 stundir
Danska – 4 stundir
Enska – 4 stundir
Lífsleikni 2 stundir (lífsleikni og bekkjartími)
Náttúrufræði 3 stundir
Samfélagsfræði 3 stundir
Íþróttir og sund - 3 stundir
Valgreinar – 5 stundir

Íslenska 10. bekkur

A-teymi, kennari: Anna Hulda Einarsdóttir

Talað mál og hlustun

Stefnt er að nemendum:

- þjálfist í framsögn og skýrum framburði
- þjálfist í að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum
- kynnist íslenskum kvikmyndum og tengslum þeirra við bókmenntir og sögu lands og þjóðar

Lestur og bókmenntir:

Stefnt er að nemendum:

- lesi sér til gagns og ánægju
- þjálfist í hraðlestri
- geti greint aðalatriði og aukaatriði í texta
- geti aflað heimilda á bókasafni og á Netinu

- lesi fjölbreyttar bókmenntir
- geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði
- þekki algengustu hugtök í bragfræði
- lesi eina Íslendingasögu

Ritun

Stefnt er að nemendum:

- hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- geti mótað texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- verði færir að skrifa mismunandi textagerðir
- þjálfist í skapandi skrifum

Málfræði

Stefnt er að nemendum:

- læri orðmyndum og orðeiningar og geti nýtt þá þekkingu til réttitunar
- þekki orðflokka og merkingarleg og beygingarleg einkenni þeirra og hlutverk í texta
- þekki til helstu framburðarmállýskna og þróunar þeirra
- geti notað orðtök og málshætti til að auðga mál sitt

Námsgögn:

- Skerpa 3
- Gíslasaga
- Smásagnasmáræði
- Englar alheimsins
- Málfinnur
- Skriffinnur
- Mályrkja III

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, heildstæð verkefni, hópverkefni, ritun, samvinnunám, tjáning, umræður, og vinnubókarkennsla

Námsmat haustönn:

- Nemendur lesa smásögur í bókinni Smásagnasmáræði, vinna verkefni úr þeim og taka að lokum munlegt próf. Gildir 15%
- Nemendur lesa Gísla sögu Súrssonar, vinna úr henni verkefni og taka að lokum skriflegt próf. Gildir 15%
- Skerpa verkefnalotur 25%
- Skerpa lotupróf 25%
- Lokapróf 20%
- Þeir nemendur sem ná 80% af námsmarkmiðum vetrarins sleppa við að taka lokaprófið.

B-teymi, kennari: Drífa Gunnarsdóttir**Talað mál og hlustun**

Stefnt er að nemendum:

- þjálfist í framsögn og skýrum framburði
- þjálfist í að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum
- kynnist íslenskum kvikmyndum og tengslum þeirra við bókmenntir og sögu lands og þjóðar

Lestur og bókmenntir:

Stefnt er að nemendum:

- lesi sér til gagns og ánægju
- þjálfist í hraðlestri
- geti greint aðalatriði og aukaatriði í texta
- geti aflað heimilda á bókasafni og á Netinu
- lesi fjölbreyttar bókmenntir
- geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði
- þekki algengustu hugtök í bragfræði
- lesi eina Íslendingasögu

Ritun

Stefnt er að nemendum:

- hafi vald á réttitun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- geti mótað texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- verði færir að skrifa mismunandi textagerðir
- þjálfist í skapandi skrifum

Málfræði

Stefnt er að nemendum:

- læri orðmyndum og orðeiningar og geti nýtt þá þekkingu til réttitunar
- þekki orðflokka og merkingarleg og beygingarleg einkenni þeirra og hlutverk í texta
- þekki til helstu framburðarmállýskna og þróunar þeirra
- geti notað orðtök og málshætti til að auðga mál sitt

Námsgögn:

- Sagnorð-valdir kaflar
- Smáorð-valdir kaflar
- Englar alheimsins

- Laxdæla
- Orðabækur og handbækur
- Ljósritað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, heildstæð verkefni, hópverkefni, ritun, tjáning, umræður, vinnubókarkennsla

Námsmat á haustönn:

- Verkmöppumat – nemendur vinna ýmis verkefni úr kennslubókunum sem þeir safna saman í verkmöppu. Gildir 40% af lokaeinkunn
- Kannanir - gilda 25%
- Verkefni og próf úr Laxdælu gildir 15%
- Lokapróf gildir 20%

C-teymi, kennari: Jóhanna Helgadóttir

Mig langar að vekja áhuga á íslensku máli. Gera nemendum grein fyrir því hvað felst í því að kunna íslensku og af hverju það er mikilvægt. Ég mun styðjast við markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007. Ég mun meta getu hvers nemenda eins vel og ég get og vinna út frá því. Kennslan verður því einstaklingsmiðuð að hluta til, en jafnframt fyrir hópinn þar sem unnið verður með ákveðna þætti sem allir þurfa að kunna.

Námsgögn:

- Beinagrind – handbók um ritun.
- Innrásin frá Mars – endursögn af samnefndri skáldsögu.
- Finnbjörg – bók um málfræði og stafsetningu.
- Víkingaferð til Surtseyjar – skáldsaga byggð á staðreyndum.
- Ýmsar ljóðabækur.
- Lesnar verða fleiri skáldsögur af nemendum og fyrir nemendum.
- Þjóðsögur og ævintýri.
- Smásögur.
- Handbækur í íslensku.
- Önnur námsgögn sem henta getu hvers og eins, og uppfylla þá þörf sem hver og einn hefur.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Bein kennsla, hópverkefni, ritun, efniskönnun, hlustunarefni, safnfræðsla, námsleikir, spil, tónlist, umræður, upplýsingatækni, vettvangsferðir, utanbókarnám, vinna með ólíka miðla, yfirferð námsefnis og þjálfunarforrit, tjáning.

Námsmat:

- Lestur og bókmenntir:
 - Nemendur halda lestrardagbók, taka hraðlestrarpróf, les- og lesskilningspróf, bókmenntahugtök, myndmál og orðatiltæki sem tengjast lestrinum. Gildir 30 % af lokaeinkunn.
- Ritun:

- Ýmis verkefni í ritun, ólíkar textategundir, bæði verkefni sem heimanám og unnið í skólanum. Gildir 20 %.
- Talað mál og hlustun:
 - Nemendur halda kynningu á ákveðnu efni innan málfræði. Þeir velja sér viðfangsefni í samvinnu við kennara, kynna sér það, læra það, búa til kynningu í power point og kynna það fyrir teyminu. Leggja verkefni fyrir samnemendur og fara yfir það. Samnemendur meta kynninguna með jafningjamati sem gildir á móti mati kennara. Gildir 20 % af heildareinkunn.
- Ljóðavinna (2011)/Þjóðsögur og ævintýri (2012):
 - Nemendur lesa ljóð, skrifa ljóð, semja ljóð, syngja ljóð, fara með ljóð, hlusta á ljóðalestur. Nemendur kynnst helstu hugtökum í tengslum við greiningu ljóða, hefðbundin og óhefðbundin ljóð (bragfræði). Þessi þáttur gildir sem 20 % af lokaeinkunn./Nemendur lesa þjóðsögur og ævintýri, semja slíkar sögur, lesa og segja frá þjóðsögum og ævintýrum. Vinnu verkefni í tengslum við sögurnar sem gilda til lokaeinkunnar.
- Frammistaða:
 - Þátttaka, virkni í tímum, vinnusemi, hegðun, mæting (stundvísi) og hugarfar eru þættir sem ég met sem frammistaða.
 - Frammistaða nemenda í kennslustund gildir 10 %.

Stærðfræði 10. bekkur

A-teymi, kennari Guðjón Sigbjörnsson, B-teymi, kennari Berglind Kristjánsdóttir

Almenn markmið:

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Stefnt er að nemendur:

- Geti sett stærðfræðileg hugtök í samhengi við hversdagslega hluti
- Beiti stærðfræði í verkefnum sem snerta samskipti einstaklingins við samfélagið

Mynstur og algebra

- Þekki muninn á stæðu og jöfnu
- Nái valdi á lausn fyrsta stigs jöfnu með einni óþekkttri stærð og geti beitt færni á öðrum sviðum stærðfræðinnar t.d. í rúmfræði
- Leysi einfaldar annars stigs jöfnur með þáttun
- Margfaldi upp úr svigum og þátti fyrsta og annars stigs margliður

Rúmfræði

- Þekki hugtökin strýta, kúla, keila og geti reiknað rúmmál þeirra
- Hafi góðan skilning á metrakerfinu
- Kynnist reglu Pýþagórasar og geti beitt henni á rétthyrnda þríhyrninga
- Sýni færni í að finna ummál og flatarmál marghyrninga og hrings

Tölfræði og líkindafræði

- Sýni þekkingu og skilning á hugtökunum tíðni, hlutfallsleg tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, úrtak, tíðasta gildi og miðgildi
- Fáist við skilyrt líkindi

- Geti gert líkindatré og nýtt sér það
- Þekki hin ýmsu rit s.s. súlurit, skífurit, stöplarit, línurit og geti lesið úr þeim.

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- Öðlist góða tilfinningu fyrir tölum og stærðum og áhrifum reikniaðgerða á þær
- Reikni algengan reikning með tölum á staðalformi
- Nái leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi þar sem reikniaðgerðum er blandað saman við veldi og sviga
- Þekki allar helstu aðgerðir á reiknivél eins og t.d. ferningsrót, veldi, pí og minnstakk
- Viti að reikningur á blaði getur gefið námkvæmari niðurstöðu en reiknivél

Námsgögn:

- Almenn stærðfræði III
- Samræmd próf
- Ýmis ítarefni

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, samvinnunám, spurnaraðferðir, sýnikennsla, umræður, kannanir, verklegar æfingar og þrautalausnir

Námsmat:

- kannanir – Kaflapróf tekið í lok hvers kafla. Gildir 30 % af lokaeinkunn.
- sjálfstæð verkefni: nemendur vinna verkefni sem gilda til einkunnar. Gildir 10% af lokaeinkunn.
- Verkefni: Nemendur vinna og skila inn sjálfspófum sem eru í hverjum kafla í Almenn stærðfræði III. Gildir 20% af lokaeinkunn.
- Yfirlitspróf – nemendur taka próf í lok annar, gildir 40% af lokaeinkunn.

C-teymi, kennari: Jóhanna Kristín Snævarsdóttir**Almenn markmið:****Hlutföll og prósentur:**

- Noti prósentur í margvíslegum tilgangi, s.s. þegar verið er að versla, skoði mismunandi gjaldmiðla, mataruppskriftir og fleira.

Lausnir verkefna og þrauta:

- Æfist í að nota jöfnur til að leysa þrautir

Mynstur og algebra:

- Kynnist orðaforða algebrunar, s.s. orð eins og jöfnur og stæða
- Noti ákveðnar reglur við útreikninga, s.s. dreifi- og tengireglu
- Nái valdi á fyrsta stigs jöfnu og geti leyst einföld orðadæmi með því að nýta sér kunnáttu sína

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat:

- Þjálfist í að nota vasareikni við útreikninga

- Víkki út þekkingu sína á tugakerfinu
- Skoði formerki með það í huga að plús- og mínustölur hafa jafnmikið gildi
- Kynnist og geti nýtt sér röð aðgerða

Rúmfræði:

- Kynnist og læri um ýmis form
- Fari nánar í formið þríhyrningur og læri hornasummu þríhyrnings
- Vinni með hnitakerfi
- Geti reiknað á milli mælieininga
- Vinni með hring og þekki hugtök sem að honum snýr

Stærðfræði og tungumál:

- Temji sér að fara rétt með stærðfræðihugtök

Tengsl stærðfræði við daglegt líf og önnur svið:

- Kynnist sambandi tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls-, og þyngdareiningar

Tölfræði og líkindafræði:

- Kunni hugtök líkindareiknings og tölfræðinnar
- Túlki myndrit á réttan hátt og geti aflað gagna til að vinna myndrit

Tölur:

- kunni hvernig reiknaaðgerðir byggja á tugakerfinu
- Noti almenn brot og skoði tengsl þeirra við prósentur og tugabrot
- Vinni með sléttar tölur og oddatölur
- Skiptir úr almennum brotum í tugabrot og öfugt

Námsgögn:

- Almenn stærðfræði III
- ljósrituð hefti frá kennara
- 10+

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hópverkefni, kannanir og viðfangsefni tengd daglegu lífi

Námsmat

- skriflegt annarpróf – lagt fyrir í lok annar, gildir 40%
- kannanir – nokkur skyndipróf lögð fyrir á hvorri önn, gildir 30 %
- frammistöðumat – vinnusemi og frammistaða nemenda metin í hverjum tíma, kennari notar gátlista við mat, gildir 15 %
- vinnubók – öll verkefni nemenda verða metin til einkunnar og þar með talið vinnubók, gildir 15%

Enska 10. bekkur

A-teymi, kennari Hulda Hauksdóttir og B-teymi, kennari Einar Árni Jóhannsson

Almenn markmið

Að nemendur:

- geti fylgt meginþræði í samtali um efni sem hann þekkir þegar nokkrir tala saman
- geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn
- skilji almennar upplýsingar og fyrirmæli, bæði aðalatriði og nákvæmar upplýsingar
- geti dregið ályktanir, lesið á milli línanna, giskað á orð út frá samhengi og áttað sig á uppbygginu texta
- geti lesið sér til ánægju ljóð, smásögur og skáldsögur í fullri lengd ætlaðar enskumælandi lesendum, t.d. enskar unglingsbækur og reyfara
- kunni að nota orðabækur og orðasöfn, t.d. ensk-enskar orðabækur
- geti skrifað ýmsar gerðir af styttri textum, t.d. viðbrögð við texta og lýsingar
- geti skrifað skipulegan texta um kunnulegt efni, skipt í efnisgreinar og beitt nokkurri nákvæmni í málfari
- geti skrifað umsögn um kvikmynd, bók eða leikrit og fylgt ákveðnu formi
- geti gert grein fyrir skoðun sinni á efni sem hann hefur kynnt sér og rökstutt hana að nokkru
- geti sagt óundirbúið frá atviki
- geti tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, tjáð skoðanir sínar og tilfinningar og brugðist við með hljómfalli sem hæfir aðstæðum

Námsgögn

- New Matrix Intermediate – lesbók, vinnubók og hlustunarefni
- Writeright 2
- Eldri samræmd próf
- Orðaspilið Scrabble
- kjörbækur af bóksafni
- valið efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hlustunarefni, hópverkefni, kannanir, námsleikir, ritun, samræðuaðferðir, tjáning, tónlist, verklegar æfingar

Námsmat:

- | | |
|---------------------------------------|-----|
| • kaflapróf úr Matrix Intermediate: | 45% |
| • Stílar og ritunarverkefni | 20% |
| • Frammistaða í tímum og vinnubækur-: | 5% |
| • Kjörbókarritgerð: | 20% |
| • óreglulegar sagnir: | 5% |
| • Hlustunarpróf: | 5% |

C-teymi, kennari Anna Birna Gunnlaugsdóttir

Almenn markmið

Að nemendur:

skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er nokkuð skýrt um málefni sem hann þekkir geti nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu, t.d. í ritun eða endursögn geti fylgt meginþræði í samtali um efni sem hann þekkir þegar nokkrir tala saman geti lesið einfaldaða texta sér til ánægju, t.d. smásögur og stuttar skáldsögur getr tjáð sig um það sem hann hefur hortf á, lesið eða heyrt um geti tjáð sig um það sem snertir hann persónulega, t.d. reynslu, tilfinningar og skoðanir geti notað málið á viðeigandi hátt við ýmsar algengar aðstæður

Námsgögn:

- English Club 2 les- og vinnubók
- valið efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fyrirlestrar, hlustunarefni, ritun, tjáning umræður, utanbókarnám og vinnubókarkennsla

Námsmat:

- kannanir og lokapróf gilda 50%
- munnlegt próf í tengslum við kjörbókarlestur gildir 20%
- hlustunarpróf gildir 20%
- starfseinkunn gildir 10%

Danska 10. bekkur

A-teymi, kennari: Anna Birna Gunnlaugsdóttir

Almenn markmið

Að nemendur:

- geti skilið aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og viðfangsefnum sem unnið er með í öðrum þáttum námsins
- geti fylgt atburðarás í frásögnum sem tengjast orðaforða efnisflokka sem unnið er með
- geti skilið fyrirhafnarlaust venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í daglegu lífi
- geti beitt mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-,leitar- og nákvæmnislestri) eftir því sem við á
- geti skilið megininntak lengri texta og haldið þræði án þess að skilja hvert einasta orð
- geti skrifað lengri samfelldan texta með nokkuð réttri stafsetningu
- geti rætt um ákveðin efni sem fjallað hefur verið um, á dönsku
- geti notað grunnorðaforða úr efnisflokkum sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi

Námsgögn:

- Ekko – les- og vinnubók
- annað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hlustunarefni, hópverkefni og ritun

Námsmat:

- kannanir: regluleg kaflapróf og lokapróf í lok annar, gildir 25%
- ritgerð: nemendur vinna ritgerð í tengslum við kjörbók, gildir 20%
- kannanir í málfræði: reglulegar kannanir í málfræði, gilda 15%
- hlustun: í lok annar taka nemendur hlustunarpróf. Gildir 20%
- munnlegt próf: nemendur taka munnlegt próf í tengslum við kjörbók sem gildir 20%

B-teymi, kennari: Jóhanna Helgadóttir

Unnið er með færniþættina fjóra, talað mál, hlustun, ritun og lestur. Reynt er að tvinna þá saman í eina heild þegar því verður við komið. Markmið kennslunnar er að þjálfar nemendur í talmáli og fá þá til þess að tala meira á dönsku, að auka orðaforða með því að lesa og hlusta, festa orðaforðann í minni og auka öryggi í talmáli með ritun (og í raun verður ritun auðveldari þegar talmálið eykst). Danmörk, land og þjóð, er kynnt nemendum í gegnum það námsefni sem notað er. Málfræðiþættir sem nemandi þarf að kunna skil á til þess að geta tjáð sig munnlega og skriflega á sem réttastan hátt eru teknir fyrir, ásamt því að grunnmálfræði er rifjuð upp eftir þörfum. Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 í dönsku stjórná vissulega ferðinni.

Námshöggn:

- Ekko – les og vinnubók
- Og det er Danmark
- Grammatik málfræðihefti og verkefni
- Ung i 8. klasse
- Annað ljósritað efni

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Bein kennsla, hlustunarefni, hlutverkaleikir, hópverkefni, námsleikir, ritun, spil, tónlist, umræður, vinnubókarkennsla, yfirferð námsefnis

Námsmat:

- Hlustun - 20 %
- Munnleg verkefni - 20 %
- Málfræði - 15 %
- Ritun - 20 %
- Ólesinn texti og próf úr Ekko - 25 %

C-teymi, kennari: Kristín Hjartardóttir

Almenn markmið

Að nemendur:

- geti skilið aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og viðfangsefnum sem unnið er með í öðrum þáttum málanámsins
- geti beitt yfirlitslestri, þ.e. skilið megininntak texta með því að lesa hann hratt yfir
- geti skilið megininntak lengri texta, t.d. blaðgreina, smásagna eða skáldsagna, og haldið þræði án þess að skilja hvert einasta orð
- geti skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá hlustun eða lestri
- geti skrifað nokkrar einfaldar textagerðir, t.d. persónuleg sendibréf, tölvupóst, skilaboð o.s.frv
- geti skrifað hálfbundnar ritunaræfingar í ríkari mæli, t.d. út frá myndum, fyrirmælum eða lýsingu á aðstæðum sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með
- geti leiðrétt sig og afsakað sig
- geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju
- geti rætt um ákveðin efni, sem fjallað hefur verið um, á dönsku

Námsgögn:

- Ekko – les- og vinnubók
- Hvað siger du? B-bog
- annað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fræðslumyndir, hlustunarefni, hópverkefni, samræðuaðferðir, tjáning, tónlist, upplýsingartækni, utanbókarnám, þemanám og ritun

Námsmat:

Ritun 10%
Próf og kannanir gilda 35 %
Munnlegt próf 10%
Hlustunarpróf 10%
Vinnubók 15%
Hvað siger du? 10%
Vinna í tímum 5%
sjálfsmat 5%

Lífsleikni 10. Bekkur

Kennari: Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðjón Sigbjörnsson

Almenn markmið:

- Að nemendur kynnist fjármálum sem varða einstaklinga og heimili og geti leitað svara við ýmsum atriðum um fjármál, svo sem:
 - Hvað kostar þinn lífsstíll?
 - Hvers vegna borgum við skatta?
 - Hvað eru kreditkort, raðgreiðslur og yfirdráttur?
 - Hvað kostar að reka bíl?

- Af hverju borgum við í lífeyrissjóð?
- Borgar sig að spara peninga o.s. frv.

Námsgögn:

Auraráð- vinnuhefti um fjármál

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Bein kennsla, fræðslumyndir, fyrirlestrar, hópverkefni, umræður, vettvangsferðir

Námsmat

- verkmöppumat: verkefnum nemenda, er safnað saman í möppu sem er metinn til einkunnar
- frammistöðumat: þátttaka nemenda í umræðum og framsögn
- sjálfsmat: nemendur meta sjálfir hæfni sína
- **nemendur fá umsögnina, lokið eða ólokið**

Náttúrufræði 10. bekkur

Kennari: Helena Rafnsdóttir og Páll Valur Björnsson

Almenn markmið**Eðlisvísindi**

Stefnt er að nemendur:

- þekki og geti gert greint fyrir lykilhugtökum eðlisfræðinnar
- geti skilgreint, borið saman helstu einkenni hreyfiorku, stöðuorku, rafsegulorku, varmaorku, efnaorku og kjarnorku
- skilji hvernig orka getur breyst úr einu formi í annað: hreyfi-, stöðu-, varma-, efna-, rafsegul-, geisla- og kjarnorku
- geta skýrt helstu hugtök tengd rafmagni og seglum, svo sem rafspennu, rafstraum, viðnám rafhleðslu, raf- og segulsvið, raf- og segulkraft, raforku og rafal.
- gera sér grein fyrir skynjanlegum eiginleikum ljóss, svo sem speglun, ljósbroti og litrófi
- skilji eðli hljóðbylgna og hvernig hljóð berst í lofti, föstu efni og vökvum

Lífvísindi

Stefnt er að nemendur:

- þekki og geti gert greint fyrir lykilhugtökum erfðafræðinnar eins og t.d. litningum, DNA, kynæxlun, endurröðun gena, klónun og stökkbreytingar til að skilja breytileika lífvera.

- þekki hvernig eiginleikar erfast á milli kynslóða og kynnist hugmyndum um uppruna og þróun lífsins og um leið kynnast helstu erfðasjúkdómum mannsins til að skilja áhrif þeirra á menn.
- skilji hvað stjórnar kynferði manna
- kynnast þróunarkenningum Lamarcks og Darwins
- læri um kynþroska og þær breytingar sem verða á því tímabili ævinnar
- fái fræðslu um kynlíf og kynheilbrigði, þungun, meðgöngu og fæðingu.

Námsgögn:

- Orka
- Um stelpur og stráka
- Erfðir og þróun
- ýmsar fræðslumyndir sem tengjast námsefninu

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fræðslumyndir, hópverkefni, umræður og verklegar æfingar

Námsmat**haustönn -**

- Kannanir/heimapróf: teknar reglulega kannanir eftir yfirferð námsefnis, gilda 50%
- Verkmappa – nemendur safna saman verkefnum sem þeir vinna í tímum og heima í verkmöppu sem er metin í lok annar. Gildir 25%
- Annað mat: nemendur vinna ýmis verkefni og tilraunir, gildir 15%
- Frammistöðumat: kennari skráir hjá sér almenna frammistöðu nemenda í tíma, virkni, þátttöku og almenna hegðun. Gildir 10%

vorönn -

- Kannanir/heimapróf: teknar reglulega kannanir eftir yfirferð námsefnis, gilda 50%
- Verkmappa – nemendur safna saman verkefnum sem þeir vinna í tímum og heima í verkmöppu sem er metin í lok annar. Gildir 25%
- Annað mat: nemendur vinna ýmis verkefni og tilraunir, gildir 15%
- Frammistöðumat: kennari skráir hjá sér almenna frammistöðu nemenda í tíma, virkni, þátttöku og almenna hegðun. Gildir 10%

Samfélagsfræði 10. bekkur

Kennarar: Yngvi Þór Geirsson

Farið verður í dagsferð á Alþingi í janúar/febrúar.

Markmið:

- þekki uppbyggingu á íslensku stjórnkerfi, s.s. þrískiptingu ríkisvalds, stjórnarskrá, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar og Alþingi
- kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athugi hvernig reglunum er framfylgt og ræði réttmæti þeirra, t.d. um útivist, fjárráð, kynlíf, vinnu

- þjálfist í að sjá mismunandi sjónarhorn á málefnum og að draga „sjálfsagða hluti“ í efa
- geti gert upp við sig hvað mestu máli skiptir í lífinu
- - hugleiði hver hann er í augum sjálfs sín og annarra

Námsgögn:

- Þjóðfélagsfræði – lesbók og gagnvirkt efni
- Þjóðfélagsfræðivefur – Á ferð um samfélagið

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fyrirlestrar, hópverkefni, vettvangsferðir, fræðslumyndir, kannanir og umræður

Námsmat

- kaflapróf – nemendur taka kaflapróf úr hverjum kafla sem gilda 20% hvert eða samtals 40% á önn
- frammistöðumat: kennari metur vinnu, hegðun og framkomu við vinnu í tímum, gildir 15%
- sjálfsmat: nemendur meta vinnu sína og frammistöðu, gildir 5%
- vinnubók: nemendur vinna verkefni í vinnubók sem þeir skila í lok annar, gildir 20%
- sjálfstæð verkefni: ýmis verkefni af vef, gilda 20%
- á vorönn minnkar vægi ljósrits í 15% og unnið verður verkefni úr myndinni Rokk í Reykjavík sem gildir 5%.

Íþróttir**Kennari: Þórir Rafn og Rafn Markús**

Almenn markmið:

Á unglíngastigi er nauðsynlegt að tengja íþróttakennsluna í auknum mæli við fræðilega innlögn, markvissa ástundun íþróttanna eða líkams- og heilsurækt. Þjálfar þarf nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttaiðkun og heilsurækt.

Námsgögn:

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla, og verklegar æfingar

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – virkni nemenda í tímum skráð til bókar, gildir 50%
- frammistöðumat – verklegt próf, gildir 50%

- nemendur fá einkunn í tölum

Sund

Kennarar: Ásgerður Bjarklind

Almenn markmið

Unnið eftir 10.sundstigi

- Bringusund í 20 mín (viðstöðulaust): lágmarksvegalengd 600 m
- 50 m bringusund (stílsund, einkunn gefin)
- 25 m björgunarsund (stílsund, einkunn gefin)
- 12 m kafsund (stílsund, einkunn gefin)
- Tímataka, nemendur velja 2 sundaðferðir af 4: 100 m bringusund, 50 m skriðsund, 50 m baksund og 25 m flugsund

Námsgögn:

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- frammistöðumat – virkni nemenda í tímum skráð til bókar
- verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 10. sundstigi
- Nemendur fá einkunn í tölustöfum